

5. des—jólasveinar

Þú þarft — prentara, þykkan pappír, liti, skæri og límband eða kennaratyggi

1

Byrjaðu á því að prenta út jólasveinana. Þeir eru á næstu blaðsíðu, á eftir leiðbeiningunum. Best er að prenta þá út á hvítan örlítið þykkan pappír. Þá standa þeir betur í hillunni þinni.

2

Nú skaltu lita myndirnar eins og þér finnst fallegast. Ef þú vilt búa til fleiri jólasveina er ekkert mál að prenta sömu myndirnar út aftur og klæða sveinana bara í önnur föt með því að lita þau í öðrum lit.

3

Þegar allir jólasveinarnir hafa verið litaðir skaltu klippa þá út. Það þarf að fara alveg eftir brúninni svo nú þarf að vanda sig vel. Munið samt að klippa ferhyrninginn ekki af, hann þurfum við að nota á eftir.

4

Núna má brjóta upp á ferhyrninginn. Hann notum við til að festa jólasveinana okkar á hillur, gluggakistur eða borðbrúnir.

5

Núna þarftu að finna sveinunum þínum góða staði til að hengja þá upp á. Síðan tekur þú kennaratyggi eða límband og festir ferhyrninginn við hilluna sem þeir eiga að standa á.

